

Reykjavík, 8. janúar 2020

Yfirlýsing um vanda Bráðamóttöku Landspítala

Í ljósi erfiðrar stöðu Bráðamóttöku sjá undirrituð, vaktstjórar hjúkrunar Bráðadeildar G2 Landspítala, sig knúin til að lýsa yfir alvarlegum áhyggjum sínum á ástandi deildarinnar.

Við tökum að öllu leyti undir orð Más Kristjánssonar sem varar við að stórslys kunni að vera í aðsigi á deildinni í *Læknablaðinu* í janúar 2020. Við staðfestum orð Más sem í grein sinni lýsir aðstöðuleysi, þrengslum og óviðunandi ástandi sem heldur bara áfram að versna.

Mikill innlagnarþungi og eftirspurn eftir þjónustu ásamt auknum fráflæðisvanda gerir okkur ekki kleift að stýra Bráðamóttökunni sem skyldi. Deildin, sem hönnuð er til að sinna mest 35 sjúklingum með bráðan vanda, hýsir nú alla daga 20-40 sjúklinga til viðbótar sem lokið hafa meðferð á Bráðamóttöku en hafa ekki fengið pláss á viðeigandi legudeildum sjúkrahússins. Sjúklingar liggja því berskjaldaðir á göngum deildarinnar. Við reynum eftir fremsta megni að þjónusta þennan sjúklingahóp en öllum má vera það ljóst að þeir fá ekki jafn góða þjónustu á bráðamóttökunni eins og þeir myndu fá á viðeigandi legudeild. Ekki er mögulegt að tryggja fagmennsku, friðhelgi, öryggi og sýkingarvarnir við þessar aðstæður.

Sem vaktstjórar hjúkrunar berum við ábyrgð á flæði sjúklinga um deildina, móttöku þeirra og hjúkrun og er staðan nú orðin sú að erfitt eða ómögulegt er að taka á móti nýjum sjúklingum og bíða þeir ýmist á sjúkrabörum sjúkraflutningamanna eða á biðstofu eftir þjónustu. Við vísum fullyrðingum um að ekki ríki neyðarástand á deildinni alfarið á bug. Það er neyðarástand á Bráðamóttöku Landspítala og mun það enda með ósköpum ef ekki er brugðist við með róttækum aðgerðum nú þegar.

Heilbrigðisráðherra sagði í viðtali við *RÚV* 6. janúar s.l. að þetta sé langtímamál: „Það er ekkert til sem heitir einföld lausn eða skyndilausn í svona flóknu máli“. Starfsfólk Bráðadeildar G2 hefur á undanförunum árum margoft ítrekað áhyggjur sínar af vanda deildarinnar en talað fyrir daufum eyrum. Stjórnendur Bráðamóttökunnar hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur til að létta undir álagi á deildinni en yfirstjórn sjúkrahússins virðist úrræðalaus. Vandí Landspítala er ekki einungis okkar heldur þjóðfélagsins í heild. Hvenær verður vandí sjúkrahússins leystur?

Við hörmum að vera sett í þá stöðu að bera ábyrgð á starfsemi deildarinnar undir þessum kringumstæðum. Við skorum því á Heilbrigðisráðherra, Velferðarnefnd Alþingis og Stjórn Landspítala að finna lausn á þessum vanda tafarlaust.

Virðingarfyllst

Elín Tryggvadóttir, hjúkrunarfræðingur
Tryggvi Hjörtur Oddsson, hjúkrunarfræðingur
Bára Dís Lúðvíksdóttir, hjúkrunarfræðingur
Björg Sigurjónsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Júlíana Viðarsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Hafdís Björk Albertsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Árný Sigríður Daníelsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Ardís Henriksdóttir, hjúkrunarfræðingur
Hildur Dís Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Hjördís Jóhannesdóttir, hjúkrunarfræðingur
Sandra Lind Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Soffía Steingrímsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Nanna Kristín Johansen, hjúkrunarfræðingur
Kristín Rósa Ármannsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Lilja Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur
Ása M. Blöndahl, hjúkrunarfræðingur
Ragna Björg Ársælsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Kristjana Þórkátla Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Anna G. Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Sólveig Birna Jósefsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Ásthildur Guðlaugsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Anders Wahlgren, hjúkrunarfræðingur
Brynhildur Ingimundardóttir, hjúkrunarfræðingur
Kristín Halla Marinósdóttir, hjúkrunarfræðingur
Dóra Björnsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Ágústa Hjördís Kristinsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Ingibjörg Sigurþórsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Karen Anna Sævarsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Ellen Stefanía Björnsdóttir, hjúkrunarfræðingur